



Persónuverndarstefna

Í þessari persónuverndarstefnu („stefna“), veitum við, Qualcomm Incorporated og dótturfélögum okkar (sameiginlega „við“, „okkur“, eða „okkar“), upplýsingar um hvernig við söfnum, notum, vinnum úr og flytjum persónuupplýsingar. Qualcomm Incorporated og dótturfélög okkar er alþjóðlegt fyrirtæki sem deilir þeim gögnum sem við meðhöndlum milli fyrirtækja (lögaðila), viðskiptaferla, og upplýsingakerfa um allan heim. Í þessari stefnu notum við hugtakið „persónuupplýsingar“ í víðtækri merkingu til að ná yfir þau fjölmörgu persónuverndar- og gagnaverndarlög sem varða okkur. Hugtakið „persónuupplýsingar“ þýðir upplýsingar sem tengjast auðkenndum einstaklingi eða sem sanngjarnt er að ætla að séu notaðar (einar sér eða með öðrum upplýsingum sem sanngjarnt er að ætla að séu tiltækar) til að auðkenna einstakling.

Umfang

Þessi stefna gildir um vefsvæði okkar, vörur, þjónustu, hugbúnað eða smáforrit þar sem við birtum beinan tengil á þessa stefnu eða vísum til innan þessarar stefnu (sameiginlega vísað til sem „þjónustur“). Þessi stefna nær aðeins yfir gögn sem safnað er í gegnum þjónustuna og enga aðra gagnasöfnun eða vinnslu, þ.m.t., án takmarkana, gagnasöfnunarvenjur annarra þjónustuaðila sem hafa sína eigin, aðskildu persónuverndarstefnu. Af og til vísum við í þessa stefnu í tengslum við kannanir og vefsíður sem hafa sérstakan tilgang, til dæmis, atvinnusíður okkar; undir slíkum kringumstæðum, þá gildir þessi stefna eins og hún hefur verið aðlöguð fyrir einstakar tilkynningar eða beiðnir um samþykki (t.d., með tilliti til tegundar gagna sem safnað er eða tilgangs söfnunarinnar).

Tegundir gagna og söfnunaraðferðir

Við söfnum persónuupplýsingum af ýmsum toga með þeim aðferðum sem lýst er að neðan. Þú hefur valkosti um hvaða gögnum við söfnum. Þegar þú ert beðin(n) um að veita okkur gögn þá getur þú valið að hafna því. En ef þú hafnar því að veita okkur gögn þá geta möguleikar þínir til að nota viðeigandi vöru eða þjónustu minnkað eða takmarkast.

Gögn sem þú sendir. Við söfnum nafni þínu, netföngum, pósthöfundum, símanúmerum, og gögnum sem tengjast fyrirtæki þínu þegar þú biður um upplýsingar frá okkur, skráir þig, pantar vöru eða þjónustu eða á annan hátt sendir okkur viljandi slíkar upplýsingar. Í tengslum við þjónustu sem tekið er gjald fyrir, þá munum við líka safna greiðsluupplýsingum (t.d., kreditkortanúmeri og viðkomandi sannvottunargögnum), símanúmeri, og heimilisföngum fyrir innheimtu og sendingu.

Gögn sem við söfnum sjálfvirkt frá vefsvæðum okkar. Þegar þú heimsækir eitthvert af vefsvæðum okkar, þá söfnum við almennum gögnum frá tölvu þinni eða farsíma eins og tegund vafra þíns, stýrikerfi, IP-tölu og nafn lénsins sem þú fékkst aðgang að svæði okkar frá, og ef þú fékkst aðgang að svæði okkar með farsíma þínum, tegund farsíma. Til viðbótar þá söfnum við gögnum um hvernig þú notar vefsvæði okkar, eins og dagsetningu og tíma þegar þú heimsóttir svæðið, þá hluta eða síður svæðisins sem þú skoðar, hvað þú verð miklum tíma í að skoða svæðið, hversu oft þú kemur aftur á svæðið og önnur smelli-streymis gögn.

Vafrakökur. Við notum vafrakökur, vefvita, eða tengda tækni til að safna gögnum um notkun þína á vefsvæðum okkar eða veföppum. Vafrakaka er lítil textaskrá sem geymd er á harða disk til tölvu þinnar eða tækis þegar þú ferð inn á svæðið. Við notum vafrakökur til að hjálpa við rekstur svæða okkar og þjónustu, þ.m.t. til að: (1) muna þig svo þú þurfir ekki að skrá sömu upplýsingarnar þegar þú ferð aftur á svæðið, (2) útvega þér sérsníðið efni eða tilboð á svæðinu; (3) byggja upp safn tölfræðilegra upplýsinga til að aðstoða við eftirlit með afköstum svæðisins, gera rannsókn, bæta efni okkar og þjónustu, og (4) hjálpa við að vernda öryggi svæðis okkar og þjónustu.

Við leyfum einnig öðrum fyrirtækjum eins og samstarfsaðilum í vefgreiningu, auglýsendum, eða auglýsinganetum að setja eða fá aðgang að vafrakökum þeirra eða vef-vitum (einnig kallað 1x1 pixel.gifs eða „action tags“) á svæðinu. Til dæmis þá notum við þriðju aðila auglýsingafyrirtæki til að veita auglýsingar fyrir okkar hönd yfir internetið eða til að birta auglýsingar fyrir önnur fyrirtæki á svæði okkar. Þessi þriðju aðila auglýsingafyrirtæki notast við vafrakökur og vef-vita til að mæla og bæta skilvirkni auglýsinga fyrir viðskiptavinum þeirra, þar með talið okkur. Til að gera þetta þá nota þessi fyrirtæki gögn um heimsóknir þínar yfir tímann á svæði okkar og önnur vefsvæði. Þessi gögn gætu innifalið: Dagsetning/tími sem auglýsingaborði er sýndur, einstakt auðkenni geymt í vafraköku þeirra, og IP-tala tækis þíns. Þessi gögn er líka hægt að nota til að persónusníða auglýsingar þannig að líklegra sé að þú sjáir auglýsingar um vörur og þjónustu sem þú hefur áhuga á. Ef þú vilt fá meiri upplýsingar um

Þessar venjur og valkosti þína varðandi persónusniðnar auglýsingar, heimsæktu [þessa grein um úrsögn](#).

Þér er frjálst að hafna vafrakökum, en með því að gera það, þá gætir þú mögulega ekki notað suma eiginleika okkar á svæðinu eða nýtt til fulls allt það sem við höfum að bjóða. Athugaðu „Help“ valmyndina í vafranum þínum til að læra hvernig á að breyta stillingum þínum fyrir vafrakökur. Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlegast sjáðu vafrakökustefnu okkar.

Hugbúnaður og forrit: Dótturfélög Qualcomm Incorporated búa til ýmsar tegundir hugbúnaðar og forrita fyrir fartæki sem geta hjálpað við að bæta afköst fartækja, spara orku rafhlöðu, bætt öryggi tækis eða boðið aðra kosti. Í gegnum þessa notkunarhugbúnaði, þá gætum við safnað upplýsingum um staðsetningu, einstök auðkenni (eins og raðnúmer kubbasamstæðu eða alþjóðlegt áskriftarauðkenni), gögn um hugbúnað sem er uppsettur og/eða keyrir á tækinu, stillingargögn eins og tegund, gerð, og þráðlausa þjónustuveitu, stýrikerfi og útgáfuupplýsingar, gögn um uppsetningu hugbúnaðar, og gögn um afköst tækisins eins og afköst kubbasamstæðunnar, rafhlöðunotkun, og upplýsingar um hita. [Lesu meira](#)

Gögn þriðju aðila: Við gætum einnig öðlast persónuupplýsingar frá þriðju aðilum eins og gagnamiðlurum, samfélagsmiðlum, öðrum samstarfsaðilum, eða frá opinberum aðilum.

Tilgangur söfnunar, notkun gagna

Við söfnum og vinnum úr persónuupplýsingum um þig með samþykki þínu og/eða eins og nauðsynlegt er til að útvega þér vörurnar sem þú notar, reka fyrirtæki okkar, uppfylla samningslegar og lagalegar skuldbindingar okkar, vernda öryggi kerfa okkar og viðskiptavina, eða vegna annarra lögmætra hagsmuna. Við söfnum og notum gögn í eftirfarandi tilgangi:

- Til að svara beiðni sem þú sendir okkur eins og beiðni þinni um upplýsingar, eða beiðni um að gerast áskrifandi að þjónustu eða kaupa vöru;
- Til að veita, stjórna, viðhalda, og tryggja öryggi þjónustunnar sem þú biður um;
- Til að reka eða bæta fyrirtæki okkar, þ.m.t. að stjórna, vernda og bæta þjónustu okkar og kerfi, til að þróa nýjar vörur og þjónustu, og í öðrum innri viðskiptalegum tilgangi;
- Til að skilja betur notendur þjónustunnar okkar, safna saman samanlagðri tölfræði um notkun þjónustu okkar og hjálpa að sérsníða reynslu þína af vefsíðu okkar og þjónustu;

- Til að veita þér upplýsingar um tækni okkar vörur eða þjónustu eða þjónustuútgáfur, fréttir, og önnur samskipti; og
- Alla aðra notkun sem við lýsum í þessari stefnu eða á þeim tímapunkti sem við söfnum gögnunum.

Til að ná þessum tilgangi, og að því marki sem heimilt er samkvæmt viðeigandi lögum, þá gætum við sameinað hinar ýmsu tegundir gagna sem við söfnum frá mismunandi aðilum.

Hvar við geymum og vinnum úr gögnum

Við geymum og vinnum úr gögnum í Bandaríkjunum og á netþjónum um allan heim, þ.m.t., án takmarkana, í Asíu og á Evrópska efnahagssvæðinu. Hvar sem við geymum og vinnum úr gögnum í samræmi við þessa stefnu, þá gerum við ráðstafanir til að tryggja að unnið sé úr gögnunum samkvæmt þessari stefnu og samkvæmt viðeigandi lögum.

Við flytjum persónuupplýsingar frá Evrópska efnahagssvæðinu til annarra landa, sumra sem ekki hafa verið úrskurðuð af Evrópuráðinu að hafi nægilega hátt stig gagnaverndar. Þegar við gerum svo, þá notum við ýmis lagaleg úrræði til að koma flutningnum til leiðar (eins og samþykki þitt eða lagalega samninga).

Birting persónuupplýsinga

Við höfum aðgang að persónuupplýsingum þínum innan Qualcomm (þ.m.t. dótturfélög þess) og deilum gögnum með þriðju aðila söluaðilum eða þjónustuveitendum sem vinna úr gögnunum fyrir okkar hálfu í þeim tilgangi sem settur er fram í þessari stefnu. Við gætum einnig boðið þjálfun eða aðra þjónustu til starfsmanna og þeirra sem vinna fyrir viðskiptavinum okkar. Í slíkum tilfellum, þá gætum við deilt gögnum í tengslum við notkun þjálfunar okkar og annarrar þjónustu með auðkenndum viðskiptavinum til notkunar í fyrirtækjum þeirra. Við gætum einnig deilt gögnum þínum eins og skylt er samkvæmt lögum eða í því skyni að vernda eða nota lagaleg réttindi okkar eða annarra, t.d., þó ekki takmarkist við, í tengslum við beiðnir frá fulltrúum lögregluvalda og í tengslum við málarekstur fyrir dómstólum. Við gætum deilt eða flutt gögn þín í tengslum við mögulega eða raunverulega sölu, sameiningu, flutning eða aðra endurskipulagningu á öllu eða hluta af fyrirtæki okkar. Að lokum, við gætum líka deilt persónuupplýsingum þínum þar sem þú hefur veitt okkur heimild.

Valkostir þínir

Skráning/úrsögn. Í sumum tilfellum, eins og markaðsetningu með tölvupósti, þá bjóðum við þér þann möguleika að skrá þig fyrir eða draga þig út úr sumum tegundum gagnasöfnunar, -notkunar eða -deilingar. Undir slíkum kringumstæðum, þá munum við virða ákvörðun þína.

Réttur aðilans sem upplýsingarnar eiga við um. Lög sumra landa eða ríkja gefa þér leyfi til að biðja um aðgang, leiðréttingu, eyðingu, takmörkun eða önnur réttindi sem tengjast persónuupplýsingunum þínum. [Smelltu hér til að nýta réttindin.](#)

Ekki rekja. Eins og er þá bregðumst við ekki við „Ekki rekja“ („DNT“) merkjum sem send eru af vefvöfrum. Ekki er enn búið að taka upp einsleitann staðal til að ákvarða hvernig túlka eigi DNT merki og til hvaða aðgerða eigi að grípa til hjá vefsvæðum og þriðju aðilum sem fá þau. Hinsvegar, þú gætir notað ýmsar aðferðir til að stjórna gagnasöfnun og notkun og notað, þ.m.t. vafrakökustýringar í stillingum vafra þíns og stýringar fyrir persónusniðnar auglýsingar sem lýst er í hlutanum um vafrakökur að ofan.

Varðveisla

Við varðveitum persónuupplýsingar meðan reikningur þinn er virkur, eða eins og þörf er á til að veita þér þjónustu. Við munum eyða persónuupplýsingum innan sanngjarns tíma eftir að gögnin eru ekki lengur nauðsynleg í þeim viðskiptalega tilgangi sem þeim var safnað. Við munum, hinsvegar, varðveita og nota persónuupplýsingar eins og nauðsynlegt er til að hlíta lagalegum skuldbindingum okkar, leysa úr deilumálum, og framfylgja samningum okkar.

Öryggi

Flutningar yfir internetið eru aldrei 100% öruggir eða villulausir. Hinsvegar, við tökum sanngjörn skref til þess að vernda gögn þín fyrir tapi, misnotkun, og óheimilum aðgangi, birtingu, breytingum og eyðileggingu. Það er á þína ábyrgð að tryggja öryggi lykilorða þinna og notandanafna og tilkynna okkur með því að nota eina af samskiptaleiðunum sem listaðar eru fyrir neðan ef þú hefur grun um að einhver hafi komist yfir lykilorð þitt eða notandanafn fyrir einhverja af þjónustum okkar. Öll óheimil notkun á þjónustu okkar með notkun lykilorðs þíns og notandanafns er eingöngu á þína ábyrgð.

Persónuvernd barna

Þjónusta okkar er ætluð fullorðnum. Við söfnum ekki viljandi eða á meðvitaðan hátt persónulegum og auðkennanlegum upplýsingum frá börnum eins og skilgreint er í viðeigandi lögum og við biðjum um að börn sendi ekki neinar persónuupplýsingar til okkar.

Viðaukar

Við áskiljum okkur rétt til að breyta, aðlaga, bæta við, eða fjarlægja hluta af þessari stefnu hvenær sem er en við munum gera þér viðvart um að breytingar hafi verið gerðar með því að gefa til kynna í stefnunni þá dagsetningu sem hún var síðast uppfærð. Ef við breytum stefnunni á efnislegan hátt, þá munum við senda út viðeigandi tilkynningu til þín í gegnum netið með að minnsta kosti þrjátíu daga fyrirvara og/eða fara fram á samþykki þitt fljótlega eins og skylt er samkvæmt lögum. Þegar þú heimsækir vefsvæði okkar eða notar þjónustu okkar, þá ert þú að samþykkja núverandi útgáfu þessarar stefnu. Við mælum með því að notendur skoði þessa stefnu aftur við tækifæri til að vita hvort einhverjar breytingar hafi verið gerðar.

Hafið samband

Til að hafa samband við okkur, sendið okkur tölvupóst á privacy@qualcomm.com, eða sendið okkur skriflegt bréf til Qualcomm Incorporated, Til ath. Persónuverndarráðgjöf, 5775 Morehouse Drive, San Diego, CA 92121.

Dagsetning gildistöku: þriðjudagur, 30. apríl 2019

© 2019 Qualcomm Technologies, Inc. og/eða tengd félög þess.